


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		
Véltrésmíði TRÉS2NT04 Námsáætlun vorönn 2017		

Kennari	Ketill Sigurðarson	Sk.st.	KES
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Áfanginn er framhald áfangans TRÉS1AB01, þar sem byggt er ofan á þann grunn sem nemendur hafa þegar öðlast. Í áfanganum er lögð áhersla á flóknari vélar eins og fræsara, tappaskurðarvél, spónsög, límingarpressu, pússivél, dílaborvél og kantlímingarvél.

Farið er yfir notkunarmöguleika vélanna ásamt skilgreiningu á öryggisbúnaði og hjálpartækjum við notkun einstakra véla, líkamsbeitingu og öryggisatriði, val á verkfærum í tiltekin verk og hvernig skipt er um verkfæri í vélunum. Lögð er áhersla á notkunarleiðbeiningar og merkingar á tækjum og búnaði. Í áfanganum öðlast nemandi færni í véltrésmíði sem líkastri vinnu á trésmíðaverkstæðum í atvinnulífinu ásamt vitneskju um ábyrgð sína í umgengni við vélar og að takast ekki á við vélvinnslu án fullnægjandi undirbúnings, hjálpar- og öryggisbúnaðar.

Kennsla í áfanganum byggir á innlögn frá kennara þar sem hann sýnir og útskýrir grunnatriði við notkun og öryggisatriði algengustu trésmíðavéla. Að öðru leiti er áfanginn verklegur þar sem nemendur fá þjálfun í notkun vélanna. Áfanginn er ætlaður nemendum í húsa- og húsgagnasmíði.

Forkröfur: TRÉS1AB01

Áfangamarkmið

Nemandi öðlist þekkingu og skilning á:


- uppbyggingu og notkun á algengustu trésmíðavélum
- öryggiskröfum sem gerðar eru við vinnu við trésmíðavélar

Nemandi öðlist leikni í að:

- nota trésmíðavélar við vinnu á gegnheilum viði og plötum á öruggan hátt
- ganga um trésmíðaverkstæði sem vinnustað
- velja bitverkfæri við hæfi
- framkvæma ýmsar gerðir trésamsetninga
- reikna efnismagn og nýtingu
- efna niður plötuefni með tilliti til nýtingar
- nota persónuhlífar við verkstæðisvinnu
- nota öryggishlífar á trésmíðavélum

Nemandi geti hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna með gegnheilan við og plötur í trésmíðavélum
- nýta efni á sem hagstæðastan hátt
- leysa af hendi algengar samsetningar á plötuefni
- gera sér grein fyrir því hvaða hættur eru fyrir hendi við vélavinnu og bregðast við þeim á réttan hátt
- vera ábyrgur við notkun og umgengni við trésmíðavélar
- starfa á trésmíðaverkstæði

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		
Véltrésmíði TRÉS2NT04 Námsáætlun vorönn 2017		

Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Myndbönd	Kynningar á vélum og myndbönd um öryggisþætti á vinnustöðum
Ljósrit	Sem hentar viðfangsefninu

Áætlun um yfirferð: (Áskilinn réttur til breytinga)

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
1 – 10	Farið yfir notkunarsvið, vinnuumhverfi, stórar og litlar trésmíðavélar, öryggisatriði og umhirðu trésmíðavéla	
1 – 10	Kantlímingavél	
1 – 10	Tappavél	Samsetningar
1 – 10	Dílaborvél	
1 – 10	Fræsarar	Módelfræsing, rúnningar og fös
1 – 10	Þykktarpússivél og bandpússivél	
1 – 10	Dílaborvél, hulsborvél og súluborvél	Samsetningar á hornum
1 – 10	Spónsög, Spónsaumavél og spónpressa	
10 – 18	Vélar sem búið er að læra á notaðar við smíði á búkka	Smíðabúkki

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Verkefni taka mið af aðstæðum á verkstæði á hverjum tíma. Í lokin verður smíðaður búkki


Námsmat: Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat með leiðsögn. Námsmatið er í höndum kennara viðkomandi áfanga en fylgja þarf þeim reglum sem kveðið er á um í skólanámskrá VMA.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Skriflegt	Skriflegt lokapróf	40%	
Miðannarpróf	Stutt verklegtpróf	20%	
Frammistaða á önn	Skilningur, framtak, framfarir, nákvæmni, ástundun og umgengni.	20%	
Verkefni unnin á önn	fræsari, tappavél og dílavél,	20% (4x5%)	
Samtals:			100%

Dagsetning 5.1.2017


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils